

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 132/1305*  
*komudagur 10.3.2006*

Allsherjarnefnd Alþingis.

10.3.2006

Varðandi frumvörp til lögreglulaga og framkvæmdarvald ríkisins í héraði, 520. mál, skipulag löggæslunnar og frumvarp til laga ummeðferða opinberra mála og almenn hegningarlög, 53. mál

Fangelsismálastofnun hefur ekki neinar athugasemdir við ofangreind frumvörp.

F. h. forstjóra Fangelsismálastofnunar,  
Hafdís Guðmundsdóttir  
skrifstofustjóri  
Fangelsismálastofnun  
Borgartúni 7  
105 REYKJAVÍK  
[hafdis@tmd.is](mailto:hafdis@tmd.is)

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 132/1344**  
**komudagur 14.3.2006**

HAFNARFJARÐARBÆR



[www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)

Allsherjarnefnd  
Alþingi  
150 Reykjavík

Hafnarfirði, 14. mars 2006.

**Efni: Frumvarp til laga um meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, 53. mál, brottvísun og heimsóknarbann.**

Félagsþjónustunni í Hafnarfirði hefur borist bréf, dags. 23. febrúar '06, þar sem óskað er eftir umsögn vegna frumvarps til laga um meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, 53. mál, brottvísun og heimsóknarbann.

Félagsþjónustan í Hafnarfirði styður umrætt frumvarp til breytinga á lögum um meðferð opinberra mála og á almennum hegningarlögum. Með gildistöku frumvarpsins væri stigið mikilvægt skref í að tryggja réttarvernd kvenna og barna í heimilisofbeldismálum. Eins og staðan er í dag þá þurfa fjölskyldumeðlimir, sem sæta ofbeldi innan veggja heimilis, að flýja heimili sitt og leita á náðir aðstandenda eða kvennaathvarfs. Slíkt leiðir til mikillar röskunar fyrir þolendur heimilisofbeldis og sér í lagi fyrir börn sem búa við slíkar aðstæður.

Af þeim sökum er mikilvægt að lögregla hafi tiltekin úrræði til að fjarlægja ofbeldismann tímabundið af heimilinu svo að aðrir fjölskyldumeðlimir séu ekki settir í þá erfiðu aðstöðu að þurfa flýja heimili sitt.

Virðingarfyllst,

e.u.

  
Anna Jörgensdóttir hdl.

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 132/1198*  
*komudagur 8.3.2006*



**Heimili og skóli**  
Landssamtök foreldra

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. mars 2006


**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum (brottvísun og nálgunarbann).**

Heimili og skóli gerir enga athugasemdir við frumvarpið.

F.h. Heimilis og skóla

*Elín Thorarensen*

Elín Thorarensen, framkvæmdastjóri.



Alþingi  
Erindi nr. P 132/1263  
komudagur 9.3.2006

## ÍSAFJARÐARBÆR

Alþingi  
Allsherjarnefnd  
150 Reykjavík

Ísafirði, 9. mars 2006  
2006020138  
AVE/ave

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum (brottvísun og heimsóknarbann)**

Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum sendi umsögn til Allsherjarnefndar Alþingis í nóvember 2003 varðandi frumvarp sama efnis. Hér með vísar nefndin til þeirra umsagnar.

F.h. barnaverndarnefndar á norðanverðum Vestfjörðum

*Anna Einarsdóttir*  
Anna V. Einarsdóttir, ráðgjafi  
Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar

STJÓRNSÝSLUHÚSIÐ  
HAFNARSTRÆTI 1, PÓSTHÓLF 56, 400 ÍSAFJÖRÐUR  
KENNITALA: 540596-2639  
SÍMI: 450 8000, FAX: 450 8008  
BANKI 156-26-60



ÍSARFJARÐARBÆR

Alþingi  
Erindi nr. P 130/516  
komudagur 8.12.2003

Alþingi  
Allsherjarnefnd  
150 Reykjavík

,17. nóvember 2003  
2003100125  
SB/--

**Umsögn barnaverndarnefndar á norðanverðum Vestfjörðum vegna frumvarps um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningar-lögum (brottvísun og heimsóknarbann). Þskj. 10 – 10. mál.**

Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum fagnar framkomnu frumvarpi og telur úrræðið vera þarft og mikilvægt með það í huga í að bæta réttarstöðu brotþola. Barnaverndarnefnd vill þó koma á framfæri nokkrum ábendingum vegna frumvarpsins sem rétt væri að einhverju leyti að taka á í greinargerð með frumvarpinu.

Nefndin telur mikilvægt að tryggt verði að bæði brotþolar og hinir brotlegu fái aðstoð og þjónustu til að vinna sig út úr þeim vanda sem upp er kominn í tilvikum sem þessum og það verði þá ljóst hvaða aðstoð eigi að veita og hver eigi að standa straum að þeim kostnaði, þ.e. hvort það eigi að vera á kostnað ríkis eða sveitarfélags. Vitað er að sú þjónusta sem boðin er einstaklingum sem lenda í erfiðum heimilisaðstæðum er oft mun fjölbreyttari og margþættari á höfuðborgarsvæðinu en út á landsbyggðinni en mikilvægt er að tryggt verði að þeir einstaklingar sem lenda í viðlíkum aðstæðum verði boðin samskonar aðstoð óháð búsetu þeirra. Einnig má velta því fyrir sér hversu víðtæk sú aðstoð ætti að vera sem boðin yrði.

Ekki virðist nægilega ljóst af 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins hver eigi að setja fram kröfu um framlengingu til héraðsdómara. Í greininni segir að ef krafa komi frá brotþola skuli henni beint til héraðsdómara. Eðlilegt er að það komi skýrt fram í lögnum hver það er sem eigi að krefjast framlengingar fyrir dómi, brotþoli eða lögregla eftir kröfu brotþola. Ef brotþoli á að standa að slíku er spurning hvort ekki sé rétt að tryggja honum aðstoð við framsetningu á slíkri kröfu og þeim kostnaði er af því hlýst. Því má einnig velta fyrir sér hvort rétt sé að láta þetta í hendur brotþola þar sem miklar líkur eru á því að brotþoli veigri sér við slíku, þar sem um mjög viðkvæmt mál er að ræða.


Mikilvægt er að tryggja aðstæður hins brotalega, þ.e. að hann hafi tryggt athvarf eftir að honum hefur verið vísað af heimili sínu og aðgang að fatnaði og öðrum nauðsynjavörum. Þá vakna spurningar hver eigi að standa straum að hugsanlegum kostnaði er hlýst af hinum brotlega, s.s. vegna húsnæðis eða úrræða sem honum standa til boða.

Nefndin telur einnig brýnt að lögreglumenn sé vel undir þessa ákvæði búnir, þannig að ljóst sé hvernig þeir eigi að taka á málum sem þessum.

HAFNARSTRÆTI 1, POSTHÓLF 56, 400 ÍSAFJÖRÐUR  
KENNITALA: 540596-2639  
SÍMI: 450 8000, FAX: 450 8008  
BANKI 156-26-60

Almennt séð telur nefndin að um mikilvæga breytingu á lögunum sé að ræða sem bæti mjög réttarstöðu brotaþola í þeim málum sem hér um ræðir.

F.h. barnaverndarnefndar á norðanverðum Vestfjörðum

  
Snjólaug Birgisdóttir, ráðgjafi  
Skóla- og fjölskylduskrifstofa Ísafjarðarbæjar  
Hafnarstræti 1  
400 Ísafjörður



Allsherjarnefnd  
Alþingi  
150 Reykjavík

Akureyri 10. mars 2006


**Efni: Umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum (brottvísun og heimsóknarbann), 53. mál.**

Með bréfi dags. 23. febrúar 2006 óskaði nefndin eftir umsögn Jafnréttisstofu um frumvarpið. Eftirfarandi er umsögn stofunnar:

Markmið laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 er að viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Ofbeldi í nánum samböndum er flókið og erfitt að eiga við. Heimilið á þó alltaf að vera griðastaður og löggjafinn skyldi leitast við að tryggja að friðhelgi þess. Opinber gögn sýna að konur eru mun oftar þolendur heimilisofbeldis. Ofangreint frumvarp hefur því það að markmiði að bæta stöðu kvenna sérstaklega og gerir opinberum aðilum eins og lögreglunni auðveldara að takast á við þetta vandamál.

Jafnréttisstofa fagnar öllum tilraunum löggjafans til að draga úr heimilisofbeldi og bæta stöðu þolenda þess. Aðgerðir sambærilegar þeim sem ofangreint frumvarp leggur til hafa reynst vel í nágrannalöndum okkar, eins og lýst er í greinargerð með frumvarpinu. Jafnréttisstofa telur að hér sé um jákvætt skref í þróun þessara mála að ræða, en vill þó ítreka að nauðsynlegt er að líta á þennan málaflokk heildstætt og tryggja að úrræði séu til staðar fyrir þá aðila sem með þessum hætti væri vísað brott af heimilum sínum.

Virðingarfyllst,

  
Silja Bára Ómarsdóttir, sviðsstjóri

Reykjavík 30. mars 2006.

**Umsögn lögmanna og starfsfólks Neyðarmóttöku vegna nauðgana á Slysa- og bráðadeild LSH við frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, með síðari breytingum (brottvísun og heimsóknarbann)**

Við lýsum yfir ánægju í öllum aðalatriðum með frumvarp til laga um breytingu á meðferð opinberra mála 19/1991 (oml.) og teljum nauðsynlegt að sett verði í lög réttarvernd fyrir brotþola í þessum málaflokki. Ofbeldi inni á heimili er því miður hörmulegur raunveruleiki fyrir marga, en fórnarlömbin eru oftast konur og börn, sem lítið mega sín gagnvart ofbeldismanninum. Brýnt er að þjóðfélagið umberi ekki á nokkurn hátt ofbeldið og að neytt verði allra úrræða til að koma í veg fyrir fyrir áframhaldandi ofbeldi. Lögmenn Neyðarmóttöku LSH hafa tekið að sér að veita þjónustu til þolenda í heimilisofbeldismálum sem leitað hafa til Slysadeildar LSH undanfarin 2 ár auk réttargæslu kynferðisbrotþola sem leitað hafa til NM allt frá árinu 1994. Í ljósi framangreindrar reynslu af lögfræðiráðgjöf og réttargæslu til þolenda heimilisofbeldis viljum við gera eftirfarandi athugasemdir, til þess að frumvarpið nái tilgangi sínum. Vísað er í hjálagða skýrslu Slysa- og bráðadeildar LSH vegna ofbeldis á heimili.

Við erum sammála 4. gr. frv. til laga um breytingu á 1. mgr. 232. gr. alm. hgl.

**Gagnrýni á núverandi lagaákvæði um nálgunarbann:**

Í ljósi reynslu okkar af núverandi lagaákvæðum í 13. kafla oml. um nálgunarbann sem sett voru til verndar brotþolum, þá teljum við að þau hafi alls ekki náð tilgangi sínum. Raunin hefur því miður orðið sú að ákvæðið er að okkar mati nánast máttlaust til verndar brotþolum heimilisofbeldis. Skilyrðin eru allt of þröng.

-Í fyrsta lagi er krafan nú algerlega háð mati lögreglu, sem ein getur farið fram á bann. Í fáum tilvikum hefur lögregla farið fram á nálgunarbann, þrátt fyrir að brotþoli og/eða réttargæslumaður hafi óskað eftir því við lögreglu, jafnvel þar sem aðstæður hafa verið að okkar mati mjög alvarlegar. Brotþoli hefur því ekki aðild að málinu á nokkurn hátt.

-Í öðru lagi hafa dómstólar túlkað skilyrðin þröngt. Dómstólar hafa einungis fallist á nálgunarbann í undantekningartilvikum, hafi komið beiðni um það frá lögreglu.

-Í þriðja lagi tekur málsmeðferðin of langan tíma.

Lagaákvæðið veitir því brotþola ekki þá réttarvernd sem leitast var eftir.

**Tillögur að breytingu 2. gr. frumvarpsins og 13. kafla oml. í heild:**

Við teljum að frumvarpið skilgreini ekki nægilega vel skilyrði og framkvæmd brottvísunar af heimili og/eða heimsóknarbanns.

**Aðild:**

Í ljósi reynslu okkar, teljum við að 2. gr. frumvarpsins þurfi að kveða skýrar á um heimild brotþola til að óska eftir banni. Brotþola (réttargæslumanni) verði veitt heimild til þess að koma að kröfu um brottvísun af heimili og nálgunarbann. Jafnframt er brýnt að



nánir aðstandendur hafi einnig stöðu brotþola og öðlist sjálfstæðan rétt til þess að krefjast nálgunarbanns/brottvísunar. Sömu aðilar hafi lögbundinn rétt til tilnefningar og síðar skipunar réttargæslumanns. Hafni lögregla framkominni beiðni um brottvísun, skal ákvörðun rökstudd skriflega og getur brotþoli skotið þeirra ákvörðun til úrlausnar dómstóla.

#### **Málsmeðferð:**

Tryggt verði að meðferð máls sé skjótvirk, án þess að réttarvernd brotamanns og brotþola sé skert. Lögregla (lögreglustjóri) geti tekið ákvörðun um brottvísun strax, að beiðni brotþola eða ef almannahagsmunir krefjast þess. Brotamaður geti innan 14 daga skotið þeirri ákvörðun lögreglu til dómstóla. Brottvísun af heimili sé markaður ákveðinn tími, að hámarki 4 vikur. Brotþoli hafi heimild til þess að óska eftir framlengingu banns hjá dómstólum, í allt að 4 vikur í senn.

#### **Neyðarmóttaka:**

Neyðarmóttöka vegna nauðgunar (NM) og Miðstöð áfallahjálpar verði styrkt frekar fjárhagslega til að veita fórnarlömbum heimilisofbeldis víðtæka og markvissa aðstoð. Sérþekking á þörfum fórnarlamba kynbundins ofbeldis hefur myndast hjá starfsfólki NM. Brotþolum sem þangað leita er veitt endurgjaldslaus þjónusta lækna, hjúkrunarfræðinga, sálfræðinga og lögmanna. Sú skerðing á starfsemi NM árið 2004, var ekki í neinu samræmi við þá þekkingu sem fyrir liggur og óverjandi var, að okkar mati, að leggja niður stöðu yfirlæknis og taka félagsráðgjafa úr því teymi sem vinnur með brotþola í bráðaðþörf. Skorað er á stjórnvöld að veita auknum fjármunum til þessarar þjónustu í þeim tilgangi að veita brotþolum heimilisofbeldis aukna þjónustu þar sem þekking og reynsla er til staðar.

#### **Réttargæsla:**

Brún þörf er á, að okkar mati, tilnefningu og síðar skipunar réttargæslumanna til handa þolendum heimilisofbeldis. Við teljum að setja þurfi skýrari ákvæði í lög nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála um tilnefningu réttargæslumanna við rannsókn lögreglu á heimilisofbeldismálum, til samræmis við ákvæði 1. mgr. 44. gr. b. s. l. Við leggjum til að sama regla gildi um tilnefningu og síðar skipun réttargæslumanna í heimilisofbeldismálum og að þolendum heimilisofbeldis sé undantekningarlaust tilnefndur og síðar skipaður réttargæslumaður.

#### **Félagsleg úrræði:**

Nauðsynlegt er að aðilar fái stuðning frá félagsþjónustu til að vinna sig út úr afleiðingum ofbeldis og tryggja stuðning fyrir börn frá félagsþjónustu/barnaverndarnefnd. Ákvæði skal sett sé í 13.kafla að lögreglu sé skylt að tilkynna málið strax til félagsþjónustu og senda þangað öll skjöl um málið, í síðasta lagi þegar lögregla tekur ákvörðun um brottvísun. Samhliða banni sé tryggt að brotþoli fái félagslegan stuðning í formi t.d. fjárhagsstuðnings og sálfræðimeðferðar. Brotamaður fái einnig meðferð og styðjum við meðferðarúrræðið "Karlar til ábyrgðar" sem brýnt er að endurvekja. Tryggt sé að fjármunir séu settir til félagsþjónustu til að úrræði séu virk. Sett séu ákvæði í lög um félagsþjónustu sveitarfélaga um skyldu félagsþjónustu til að aðstoða og styðja fórnarlömb heimilisofbeldis.

**Nýbúar:**

Sérstaklega skal huga að stuðningi við nýbúa, þ.e. erlendar konur sem hafa þurft að þola ofbeldi af hendi íslensks maka. Þær þurfa oft á miklum félagslegum stuðningi og réttaraðstoð að halda. Breytt verði útlendingalögum og lögum um atvinnuréttindi útlendinga og tryggð verði túlkþjónusta til að veita nýbúum nauðsynlega réttarvernd.

**Gjafsókn:**

Brotabólum verði veitt gjafsókn til að fylgja eftir málum sínum fyrir dómstólum, til heimtu skaðabóta, verði ekki fallist á beiðni um brottvísun, rannsókn mála hætt eða mál niðurfelld.

**Norræn lagaframkvæmd:**

Við viljum gera tillögu um að 2. gr. frv. verði endurskoðuð en tekið verði mið af norrænum rétti, einkum dönsku lögunum. Danir, Norðmenn og Svíar hafa breytt lögum sínum árið 2003 og 2004, sem hefur gefið mjög góða reynslu. Við lagabreytinguna höfðu Norðurlöndin “austurrísku aðferðina” að leiðarljósi.

Í dönsku lögunum er gert ráð fyrir að lögregla geti við vissar aðstæður haft tækifæri til þess að vísa á brott ofbeldisfullum manni af heimili sínu og úr nánasta umhverfi þess og banna honum að koma þangað aftur í tiltekinn tíma í þeim tilgangi að stöðva áframhaldandi ofbeldi gagnvart nánum aðstandanda. Brottvísun felur í sér bann við því að viðkomandi, við ákveðnar aðstæður og að nánar uppfylltum skilyrðum, dvelji á heimilinu um afmarkaðan, stuttan tíma. Brottvísun getur varað í allt að 4 vikur og heimilt er að óska eftir framlengingu brottvísunar. Bann er háð nánar tilteknum skilyrðum og skal tillit tekið til ásetnings, rökstudds gruns og þar sem hagsmunamat fer fram. Rökstuddur grunur eða hætta sé fyrir hendi að viðkomandi muni fremja afbrot dvelji hann áfram á heimilinu. Lögin gera jafnframt ráð fyrir því að lögregla hafi heimild til að handtaka mann, þar til ákvörðun um brottvísun liggur fyrir. Handtaka má eigi vara lengur en 24 klst. Lögin tryggja réttarvernd brotamanns sem getur skotið ákvörðun lögreglu til dómstóla með auðeldum og skjótvirkum hætti.

Dönsku lögin nr. 218 frá 1. júlí 2004 skulu höfð að leiðarljósi, sem unnt er að sjá ásamt athugasemdum við lagafrumvarpið á vefsíðunni:

[http://www.folketinget.dk/Samling/20031/lovforslag\\_som\\_fremsat/L218.htm](http://www.folketinget.dk/Samling/20031/lovforslag_som_fremsat/L218.htm)

Einnig er hægt að nálgast skýrslu dönsku refsiréttarfarsnefndarinnar:

<http://www.jm.dk/wimdoc.asp?page=document&objno=71858>

Dönsku lögin hljóða svo:

## ” Lov om bortvisning og beføjelse til at meddele tilhold m.v.”

### Kapitel 1

#### *Bortvisning m.v.*

§ 1. Ved bortvisning kan det forbydes en person over 18 år at opholde sig i sit hjem.

§ 2. En person kan bortvises, når

- 1) der er begrundet mistanke om, at den pågældende mod et medlem af sin husstand har begået en overtrædelse af straffelovens §§ 210, 213 eller 266 eller en overtrædelse, der er omfattet af straffelovens kapitel 24-26, og som efter loven kan medføre fængsel i 1 år og 6 måneder, eller at den pågældende har optrådt på en måde, der i øvrigt indebærer en trussel om vold mod et medlem af husstanden,
- 2) der efter det oplyste er bestemte grunde til at antage, at den pågældende ved forbliven i hjemmet vil begå en lovovertrædelse, der er nævnt under nr. 1, og
- 3) bortvisning ikke vil stå i misforhold til den herved forvoldte forstyrrelse af den pågældendes forhold, hensynet til husstanden og karakteren af den adfærd, der er udvist fra den pågældendes side.

§ 3. Det kan forbydes den, der bortvises, at trænge sig ind på, forfølge med skriftlige henvendelser eller på anden lignende måde forulempe et medlem af husstanden (tilhold).

*Stk. 2.* Det kan endvidere forbydes den, der bortvises, at opholde sig i et nærmere afgrænset område i nærheden af boligen eller et medlem af husstandens arbejds- eller uddannelsessted, når

- 1) et tilhold efter stk. 1 ikke er tilstrækkeligt af hensyn til bortvisningens formål og
- 2) forbuddet ikke vil stå i misforhold til den herved forvoldte forstyrrelse af den pågældendes forhold, hensynet til husstanden og karakteren af den adfærd, der er udvist fra den pågældendes side.

§ 4. Politiet kan tilbageholde en person, der med rimelig grund antages at have optrådt på en måde, der indebærer en trussel om vold mod et medlem af personens husstand.

*Stk. 2.* For tilbageholdelsen gælder i øvrigt reglerne om anholdelse i retsplejelovens §§ 755-759 og § 760, stk. 1. Tilbageholdelsen kan ikke udstrækkes ud over 24 timer.

§ 5. Bortvisning samt tilhold og forbud i forbindelse hermed kan ske, når et medlem af husstanden anmoder om det, eller når almene hensyn kræver det.

*Stk. 2.* For bortvisning skal der fastsættes en frist, der ikke kan overstige 4 uger. Fristen kan forlænges, men højst med 4 uger ad gangen. Fristens udløb angives i afgørelsen om bortvisning.

§ 6. Afgørelse om bortvisning og forbud efter §§ 2 og 3 træffes af politimesteren (politidirektøren).

*Stk. 2.* Politimesteren (politidirektøren) skal senest samtidig med en afgørelse om bortvisning underrette kommunen om sagen. Politimesteren (politidirektøren) skal endvidere sende oplysninger og dokumenter i sagen, herunder elektronisk lagrede data, der er nødvendige for de sociale myndigheders behandling af sagen, til kommunen.

*Stk. 3.* Den, der bortvises, kan inden 14 dage efter, at afgørelsen er forkyndt for den pågældende, kræve, at politimesteren indbringer afgørelsen for byretten på det sted, hvor

boligen findes. Den pågældende skal vejledes om denne ret ved forkyndelsen. Sagen skal snarest muligt og senest inden 24 timer efter modtagelse af anmodningen forelægges for retten. Det samme gælder for afgørelser om forlængelse af bortvisning.

*Stk. 4.* Anmodning om indbringelse for retten har ikke opsættende virkning.

§ 7. Den, der kræver en afgørelse efter § 6 indbragt for retten (klageren), skal til politiet oplyse en adresse og et eventuelt telefonnummer, hvortil indkaldelse til retsmøde kan meddeles.

§ 8. Indbringes en afgørelse efter § 6 for retten, beskikkes der en advokat for klageren. Den beskikkede advokat har samme beføjelser som en forsvarer i en straffesag. Om salær og godtgørelse for udlæg til en beskikket advokat gælder samme regler som for beskikkede forsvarere, jf. retsplejelovens § 741.

*Stk. 2.* Der kan beskikkes en advokat for en forurettet, der skal afgive forklaring i retten. Reglerne i retsplejelovens §§ 741 c-741 e finder tilsvarende anvendelse.

§ 9. Retsmøde skal afholdes snarest muligt. Såfremt anmodningen om sagens indbringelse for retten fremsættes ved forkyndelsen af en førstegangsafgørelse om bortvisning, skal retsmøde afholdes inden 5 dage.

*Stk. 2.* Klageren har ret til at være til stede i retsmødet og udtale sig, medmindre retten finder, at dette af særlige grunde er nyttesløst eller skadeligt for den pågældende. Sagen kan behandles, selv om klageren udebliver, såfremt den beskikkede advokat er mødt.

*Stk. 3.* Retten træffer efter mundtlig forhandling afgørelse på grundlag af sagens dokumenter og en eventuel forklaring i retten fra klageren. Under særlige omstændigheder kan retten tillade yderligere bevisførelse.

*Stk. 4.* Rettens afgørelse træffes ved kendelse. Går afgørelsen ud på, at indgrebet godkendes, anføres i kendelsen de konkrete omstændigheder i sagen, hvorpå det støttes, at betingelserne er opfyldt.

*Stk. 5.* Pålægges der den bortviste sagsomkostninger i en straffesag, der angår forhold, som har givet anledning til bortvisningen, pålægges det ved dommen i straffesagen tillige den bortviste at betale omkostningerne ved bortvisningssagen. Retten kan dog undtagelsesvis bestemme, at disse omkostninger helt eller delvis skal betales af statskassen, såfremt særlige omstændigheder taler for det.

§ 10. I øvrigt gælder retsplejelovens regler om strafferetsplejen.

*Stk. 2.* Med hensyn til erstatningskrav finder retsplejelovens § 1018 h anvendelse. Med hensyn til tilbageholdelse efter § 4 finder dog retsplejelovens § 1018 a anvendelse, når bortvisning ikke gennemføres eller godkendes.

§ 11. Den, der forsætligt overtræder et forbud efter § 1 eller et tilhold eller et forbud efter § 3, straffes med bøde eller fængsel indtil 2 år.

*Stk. 2.* Overtrædelse af stk. 1 påtales kun efter den forurettedes anmodning, medmindre almene hensyn kræver det.

## Kapitel 2

### *Beføjelse til at meddele tilhold m.v.*

§ 12. Tilhold, hvis overtrædelse er omfattet af straffelovens § 265, udstedes af politiet, når den, som tilholdet skal beskytte, anmoder om det, eller når almene hensyn kræver det.

Stk. 2. Klage over tilhold, jf. stk. 1, skal indgives til den regionale statsadvokat. Det samme gælder tilhold og forbud efter § 3. Statsadvokatens afgørelse kan ikke påklages.

## Kapitel 3

### *Ikrafttrædelsesbestemmelser*

§ 13. Loven træder i kraft den 1. juli 2004.

§ 14. Loven gælder ikke for Færøerne og Grønland, men kan ved kongelig anordning sættes i kraft for disse landsdele med de afvigelser, som de særlige færøske eller grønlandske forhold tilsiger.

### **Réttarfarsnefnd:**


Nauðsynlegt er að réttarfarsnefnd dómsmálaráðuneytis vinni að nákvæmri og vandaðri lagabreytingum á 13. kafla oml. eftir framangreindum tillögum okkar. Nefndin hefji nú þegar þá vinnu og hraði henni eftir föngum. Núverandi lagaákvæði um nálgunarbann eru að okkar mati óviðunandi og veita brotapolum á engan hátt ekki þá réttarvernd sem sóst var eftir. Brýnt er um leið að heildarendurskoðun á oml. fari fram á stöðu og réttindum brotþola við rannsókn og dómstólameðferð og hlutverki réttargæslumanns hans.


### **Lokaorð.**

Við fögnum aðgerðum sem hafnar eru af hálfu stjórnvalda til að berjast gegn kynbundnu ofbeldi. Við leggjum áherslu á mikilvægi heildstæðra og samhæfðra aðgerða réttarkerfis, heilbrigðiskerfis, félagsþjónustu og sveitarfélaga í samráði við fagaðila og félagasamtök gegn heimilisofbeldi í þeim tilgangi að veita fórnarlömbum nauðsynlega aðstoð og koma í veg fyrir áframhaldandi ofbeldi, m.a. með meðferðarúræðum fyrir ofbeldismanninn.

Vegna áframhaldandi vinnu og umræðu vegna þessa frumvarps þá bjóðum við fúslega fram okkar aðstoð.

Virðingarfyllst,

  
Helga Leifsdóttir, hdl.,  
Húsi verslunarinnar,  
103 Reykjavík, s. 550 3700,  
LHL@simnet.is

  
Eyrún Jónsdóttir, deildarstjóri  
Neyðarmóttöku vegna nauðgunar.  
S. 543 1000, eyrunj@landspitali.is

*Hjálagt:*

*Vísað er í hjálagða skýrslu Slys- og bráðadeildar LSH vegna ofbeldis á heimili fyrir árin 1999-2004.*

## Komur á Slysa- og bráðadeild LSH vegna ofbeldis á heimili.

Gerð var rannsókn á komum og skráningu á komum vegna ofbeldis á íbúðasvæði árin 1999-2004. Tilgangur var að kanna umfang og eðli ofbeldis á höfuðborgarsvæðinu með áherslu á heimilisofbeldi árin 2003-2004. Komur voru **959** talsins. Ekki var einungis um makaofbeldi að ræða heldur allt ofbeldi sem átti sér stað á íbúðasvæði.

(Heimild: Ofbeldi, eðli og orsakir. Höf. Elísabet Björgvinsdóttir, Læknadeild HÍ, Brynjólfur Mogensen slysa- og bráðasvið LSH.)

Ef komast ætti yfir tölur um algengni heimilisofbeldis á Íslandi öllu, þyrfti að taka allt landið í heild sinni, þ.e. fá upplýsingar frá öllum sjúkrahöfnum á landinu hvort sem um ræðir komur á sjúkrahús, heilsugæslur eða til heimilislækna. Móttakan á SBD þjónustar samt sem áður meirihluta landsmanna eða um 190 þúsund - 200 þúsund manns.

Konur eru viðkvæmari fyrir misnotkun makans í samfélögum þar sem greinilegur ójöfnuður er á milli kynja s.s. föst kynjahlutverk og menningarlegir staðlar sem ýta undir rétt mannsins til kynlífs án tillits til þarfa og tilfinninga konunnar sem og lág réttarstaða konunnar. Þessir þættir geta valdið því að erfitt eða jafnvel hættulegt er fyrir konuna að reyna að yfirgefa sambandið því það að fara úr sambandinu veitir ekki fullt öryggi þar sem ofbeldið getur haldið áfram og oft getur það aukist eftir að konan fer (2). WHO. World report on violence and health. Geneva: WHO; 2002.


Mjög margar komur kvenna á Slysa- og bráðadeild varða ofbeldi sem konan hefur verið beitt af fyrrverandi maka, sambýlismanni og barnsföður.

Hafa þær skilið við manninn vegna ofbeldis en við það hefur ofbeldi jafnvel aukist og öll áframhaldandi samskipti við manninn enda með því að beitt er andlegu, félagslegu eða líkamlegu ofbeldi. Er þar oft um að ræða samskipti sem varða umgengi við barn/börn, þegar börn eru sótt eða skilað aftur af föður til forráðamanns sem oftast er móðir.

Graf 14 Sýnir hverjir eru gagnaðilar í ofbeldisverkinu og af hvaða kyni þolandinn er.

**195 konur(20,3%) urðu fyrir ofbeldi af maka eða fyrrverandi maka.**

**29 karlmenn(3%) leituðu á SBD vegna ofbeldis maka eða fyrrverandi maka.**





Á árunum 2003-2004 voru **149 konur sem leituðu aðstoðar eftir að núverandi maki hafði beitt þær líkamlegu ofbeldi** en þessi tala einskorðast ekki einungis við íbúðasvæði. 44,9% þessara kvenna voru á aldursbilinu 20-34 ára.

Ofbeldið átti oftast stað í setustofu eða svefnherbergi. 81,8% árásanna áttu sér stað á íbúðasvæðinu og í 68,5% tilfella á heimili þolandans. 47% komanna voru um helgar.


Teknar voru sérstaklega saman þær niðurstöður um makaofbeldi á íbúðasvæði árin **2003 (83 konur) og 2004 (66 konur) . = 149 konur**, þar sem konan var þolandinn og núverandi maki/sambýlismaður var gerandinn.

Eftirfarandi gröf sýna staðsetningu makaofbeldis, aldursdreifingu þolenda í makaofbeldi, vikudaga þegar leitað er aðstoðar eftir ofbeldi á heimili og fjöldi í mánuði.

**Í 68,5% tilfella átti ofbeldið sér stað á heimili þolandans.**




## Makaofbeldi – aldursdreifing polenda




Alls 149 komur kvenna á Slysa- og bráðadeild árin 2003-2004 vegna ofbeldis núverandi maka/sambýlismanns.

Komur vegna heimilisofbeldis 2003-2004 eftir vikudegi, n=959



Makaofbeldi 2003-2004 eftir mánuðum






Börn hafa lent sem beinir þolendur líkamlegs ofbeldis í samskiptum milli foreldra/forráðamanna þar sem þau eru viðkvæm fyrir að lenda á milli í átökum milli aðilanna vegna þess að ung börn geta ekki forðað sér. Unglingar lenda oft í ofbeldi vegna þess að þau reyna að hindra ofbeldið eða stöðva það og eru því í áhættu. Þau ætla að kalla á hjálp. Þau eru ástæða ósættis og rífrildis sem leiðir til ofbeldis milli foreldra/sambúðarfólks. Börn eru sjálf beitt ofbeldi í um 30 – 60% í heimilisofbeldismálum. Foreldrar halda því oft fram að börnin viti ekki af því að ofbeldið eigi sér stað en það hefur sýnt sig að það er misskilningur þar sem Bandarísk rannsókn sýnir að í 78% tilvika þar sem foreldrar hieldu því fram að börnin vissu ekki um ofbeldið vissu börnin um það. 4. Mayor S. Who report shows public health impact of violence. BMJ 2002;325:731.

Heilbrigðisstarfsmenn sem sinna börnum bera ábyrgð á því að greina, leita eftir einkennum um ofbeldi gagnvart mæðrum jafnt og börnum. Hafa skal í huga alvarleg áhrif ofbeldis á heimilum á börn og þeirra velferð. Samkvæmt lögum ber heilbrigðisstarfsfólki að tilkynna grun um ofbeldi, vanrækslu eða vanbúnað barna til barnaverndaraðila og er vitund um það mikið að aukast.

Öll tækifæri til að greina ofbeldi skal nota þegar foreldrar/forráðamenn leita eftir þjónustu í heilbrigðiskerfið, bæði fyrir börn sín vegna lögbundins eftirlits, slysa, veikinda og óhappa eða vegna endurtekinnna koma foreldranna sjálfra til heilbrigðisþjónustunnar.

**Af 156 tilkynntum málum til Barnaverndar árið 2005 þá eru:**  
**35 mál / 80 börn sem tengjast vanda foreldra**  
**21 mál / 27 börn sem tengjast ofbeldi á heimili**



Þegar talað er um vanda foreldra er langoftast um að ræða áfengis- eða lyfjainntekt þar sem foreldri, oftast móðir, hefur jafnvel reynt sjálfsvíg, eða er alls ófær um að sinna barni/börnum sínum og eru þær stundum einstæðar eða búa við slæmar félagslegar aðstæður. Mjög mörg tilkynnt mál tengjast því að um ofbeldi er að ræða eða langvarandi vandi og missætti er/var á heimili.

Alvarlegar afleiðingar ofbeldis á börn eru meðal annars þær að við að alast upp við ofbeldi á heimilum þá læra þau fljótlega og vel um notkun á ofbeldi í sambandi milli fólks. Þau læra að ofbeldi er ásættanleg leið til að leggja áherslu á skoðun sína, komast áfram eða valda streitu.

Börnin læra líka að ofbeldi er samgróinn hluti af kærleikssambandi.  
Að verða vitni að ofbeldi verður réttlætning fyrir börn að beita ofbeldi í þeirra eigin samböndum og á það sérstaklega við um unglinga.  
Unglingar sem búa við ofbeldi kvarta oft um það að þeir séu beittir einelti og ofsóknum.  
Stundum er fyrri saga um misnotkun frá hendi geranda gagnvart börnum á heimili.

Af heimilisofbeldismálum á Slysa- bráðadeild LSH, voru árið 2005 um 35 þolendum ásamt börnum þeirra vísað til Miðstöðvar áfallahjálpar til að fá aðstoð sem varðar oftast móðir og börn við það að vinna úr áfallinu sem tengist ofbeldinu. Þar fer fram greining á vanda þeirra og er þolendum þaðan vísað í áframhaldandi viðeigandi stuðning. Einnig er boðin aðstoð lögmanna/réttargæslumanna sem starfa við Neyðarmóttöku vegna nauðgunar til að leggja fram kæru eða upplýsa þolendur um rétt þeirra, meðal annars að fara fram á nálgunarbann eða heimsóknarbann á geranda inn á heimilið vegna fyrri ofbeldis og hefur reynt á það í nokkrum málum.

Eyrún B. Jónsdóttir  
Deildarstjóri  
Neyðarmóttöku vegna nauðgunar.



# LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

Alþingi

Erindi nr. Þ 132/1183  
komudagur 7.3.2006  
6. mars 2006

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Landssamband lögreglumanna vísar til bréfs allsherjarnefndar, dags. 23. febrúar sl. Í bréfinu er farið fram á umsögn Landssambands lögreglumanna um frumvarp til laga um meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, 53. mál, brottvísun og heimsóknarbann.

Landssamband lögreglumanna sér ekki ástæðu til að gera athugasemdir við frumvarpið í núverandi mynd og telur það ekki hafa neikvæð áhrif á starf lögreglumanna.

F.h. Landssambands lögreglumanna

Páll E. Winkel framkvæmdastjóri

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 132/1410**  
**komudagur 22.3.2006**

Nefndasvið Alþingis  
Elín Valdís Þorsteinsdóttir, nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 17. mars 2006.

**Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum (brottvísun og heimsóknarbann). 132. löggjafarþing 2005–2006. Þskj. 53 - 53. mál.**

Lögmannafélag Íslands vísar til bréfs yðar, dags. 23. febrúar 2006, þar sem óskað er umsagnar um ofangreint frumvarp. Laganefnd félagsins hefur haft frumvarpið til skoðunar og sér ekki ástæðu til að gera athugasemdir við efni þess.

Virðingarfyllt,  
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

---

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl.,  
formaður



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
THE ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTER

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 132/1411*  
*komudagur 22. 3. 2006*

Reykjavík, 20. mars 2006.

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8–10  
150 Reykjavík

**UMSÖGN MANNRÉTTINDASKRIFSTOFU ÍSLANDS UM FRUMVARP TIL LAGA UM  
BREYTINGU Á LÖGUM UM MEÐFERÐ OPINBERRA MÁLA OG ALMENNUM  
HEGNINGARLÖGUM (BROTTVÍSUN OG HEIMSÓKNARBANN)**

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, og breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, 53. mál sem lagt hefur verið fram á 132. löggjafarþingi 2005 – 2006, nánar tiltekið þingskjal 53.

Mannréttindaskrifstofan fagnar efni frumvarpsins og vonast til að það verði samþykkt.

***1. Mannréttindabrot***

Heimilisofbeldi, og kynbundið ofbeldi almennt, brýtur gegn mannréttindum og grundvallarfrelsi kvenna. Íslenska ríkið á aðild að fjölda mannréttindasamninga og yfirlýsinga er snerta heimilisofbeldi, beint eða óbeint. Má þar nefna mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna frá 1948, Barnasáttmálann, samning Sameinuðu þjóðanna frá 1979, um afnám allrar mismununar gagnvart konum, samninga um borgaraleg og stjórn mála réttindi og efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi og samning Sameinuðu þjóðanna gegn pyntingum eða annarri grimmilegri og ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu frá 1984. Einnig má nefna yfirlýsingu um afnám ofbeldis gegn konum, sem samþykkt var á 85. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og framkvæmdaáætlun Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna frá árinu 1995 (Pekingáætlunina). Þá ber að nefna mannréttindasáttmála Evrópu og félagsmálasáttmála Evrópu en Evrópuráðið hefur á síðustu árum lagt áherslu á nauðsyn sérstakra aðgerða til að sporna gegn ofbeldi gagnvart konum. Sérstaklega er vakin athygli á tilmælum þings Evrópuráðsins nr. 1582 frá 2002<sup>1</sup> og tilmælum nr. 1681 frá 2004.<sup>2</sup>

<sup>1</sup> Tilmæli þings Evrópuráðsins nr. 1582 (2002), Domestic violence against women, <http://assembly.coe.int/Documents/AdoptedText/TA02/EREC1582.htm>.

<sup>2</sup> Tilmæli þings Evrópuráðsins nr. 1681 (2004), Campaign combat domestic violence against women in Europe, <http://assembly.coe.int/Mainf.asp?link=/Documents/AdoptedText/ta04/EREC1681.htm>.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
THE ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTER

## ***2. Tilmæli alþjóðlegra mannréttindastofnana til íslenskra yfirvalda***

Kynbundið ofbeldi er staðreynd á Íslandi en alþjóðlegar eftirlitsstofnanir á sviði mannréttinda hafa m.a. lýst áhyggjum sínum af hárrí títíni heimilisofbeldis hér á landi og því hversu vægt er tekið á kynbundnu ofbeldi innan réttarkerfisins. Sem dæmi má nefna að nefnd sem fylgist með framfylgd alþjóðasamnings S.þ. um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi lýsti, í athugasemdum sínum til íslenskra stjórnvalda árið 2003, áhyggjum sínum af títíni heimilisofbeldis á Íslandi og því að hér á landi vanti sérstaka löggjöf til að taka á vandamálinu. Í lokaathugasemdum sínum hvatti nefndin stjórnvöld til að setja sérstaka löggjöf gegn kynbundnu ofbeldi.<sup>3</sup> Í lokaathugasemdum sínum við fjórðu skýrslu Íslands um framfylgd alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi, frá mars 2005, hvatti Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna íslensk yfirvöld til að: „*gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja konum viðeigandi vörn gegn heimilisofbeldi.*“ Þá hvatti Mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins, í skýrslu sem birt var 14. desember 2005, stjórnvöld efla aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi.<sup>5</sup>

## ***3. Efní frumvarps***

Fyrirliggjandi frumvarp er í samræmi við tilmæli alþjóðlegra eftirlitsstofnana á sviði mannréttinda og lagabreytingarnar til þess fallnar að auka réttarvernd kvenna og barna. Sérstök athygli er vakin á tilmælum þings Evrópuráðsins en þar lögð til lagaheimild til brottflutnings að ofbeldismanns af heimili.<sup>6</sup> Verði frumvarp þetta að lögum er komið í veg fyrir þær afkáralegu aðstæður sem skapast við heimilisofbeldi þar sem fórnarlambið neyðist í flestum tilvikum til að yfirgefa heimilið en ekki ofbeldismaðurinn. Skrifstofan telur að ákvæði af þessu tagi brjóti ekki gegn ákvæðum mannréttindasamninga sem Ísland á aðild að og ætlað er að vernda friðhelgi heimilis og fjölskyldu, því samningarnir kveða á um að heimilt sé að takmarka friðhelgi heimilis og einkalífs til verndar réttindum annarra. Sama á við um 71. gr. stjórnarskrár en það færi gegn tilgangi þessara samninga að túlka friðhelgi einkalífsins þannig að í skjóli hennar sé heimilt að brjóta gegn frelsi og mannhelgi kvenna og barna. Hér vísast einnig til umsagnar skrifstofunnar um frumvarp til laga

<sup>3</sup> Concluding Observations of the Committee on Economic, Social and Cultural Rights: Iceland, 23/05/2003,E/C.12/1/Add.89, [http://www.unhcr.ch/tbs/doc.nsf/\(Symbol\)/ad83be0975ab41cdc1256d33002edd5a?Opendocument](http://www.unhcr.ch/tbs/doc.nsf/(Symbol)/ad83be0975ab41cdc1256d33002edd5a?Opendocument)

<sup>4</sup> Lokaathugasemdir Mannréttindanefndar S.þ. um fjórðu skýrslu Íslands um framfylgd alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi., CCPR/C/CO/83/ICE, [http://www.domsmalaraduneyti.is/media/Skyrslur/athugas\\_mannrettindanefndar.pdf](http://www.domsmalaraduneyti.is/media/Skyrslur/athugas_mannrettindanefndar.pdf)

<sup>5</sup> Report by Mr. Alvaro Gil-Robles, Commissioner for human rights, on his visit to the Republic of Iceland, 4-6 July 2005, [http://www.coe.int/T/E/Commissioner\\_H.R/Communication\\_Unit/CommDH%282005%2910\\_E.doc](http://www.coe.int/T/E/Commissioner_H.R/Communication_Unit/CommDH%282005%2910_E.doc)

<sup>6</sup> Tilmæli þings Evrópuráðsins nr. 1582 (2002), Domestic violence against women, <http://assembly.coe.int/Documents/AdoptedText/TA02/EREC1582.htm> .



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
THE ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTER

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (heimilisofbeldi) frá 16. desember 2006 en þar eru m.a. settar fram tillögur um eflingu nálgunarbands með heimild til brottvísunar og heimsóknarbanns, stuðning við fórnarlömb og gerendur, lögfestingu ákvæða um gjafsókn og skipun réttargæslumanns í heimilisofbeldismálu og sérstaka aðstoð við útlendar konur.

#### **4. Nauðsynlegar aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi**

Lagabreytingar einar og sér nægja ekki til að útrýma því samfélagsmeini sem kynbundið ofbeldi er. Mannréttindaskrifstofan leggur áherslu á að nálgast þurfi viðfangsefnið út frá kynjasjónarmiðum, á heildstæðan hátt, í samráði við þá aðila sem best þekkja til – fagaðila og félagasamtök. Til að fyrirhugaðar lagabreytingar nái tilgangi sínum leggur Mannréttindaskrifstofan áherslu á mikilvægi þess að íslensk yfirvöld geri heildstæða aðgerðaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi. Áætlunin taki til löggjafar, dómstóla, saksóknara og löggæslu, félagslegra úrræða, fræðslu til almennings og þeirra fagaðila sem að málum koma; ásamt sértækum aðgerðum innan mennta-, heilbrigðis- og félagslega kerfisins.

Á síðustu árum hefur kynbundið ofbeldi sem áður var umborið í skjóli einkalífsins verið dregið fram í dagsljósið. Mannréttindaskrifstofa Íslands fagnar aðgerðum sem hafnar eru af hálfu yfirvalda til að berjast gegn ofbeldi gegn konum; breytingum á almennum hegningarlögum til höfuðs heimilisofbeldi og kynferðisbrotum, fyrirhugaðri aðgerðaáætlun, stuðningi við verkefnið *Karlar til ábyrgðar*, og verklagsreglum lögreglu. Mannréttindaskrifstofan áréttar mikilvægi heildstæðrar nálgunar – samræmdra aðgerða á öllum sviðum hins opinbera – í samráði við fagaðila og félagasamtök. Mannréttindaskrifstofan vísar til meðfylgjandi draga að aðgerðaáætlun sem kynnt voru stjórnvöldum í fyrra og lýsir sig jafnframt reiðubúna til samstarfs.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

-----  
Guðrún D. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri

Með skjali þessu fylgir *Drög að aðgerðaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi*. Samin af aðgerðahóp gegn kynbundnu ofbeldi.

Hafnarstræti 20, 2. hæð - 101 Reykjavík - Iceland  
Símar/Phone + 354 552 27 20 - Fax + 354 552 27 21  
Netfang/ E-mail: icehr@humanrights.is



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
THE ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTER

## Viðauki

Drög aðgerðahóps gegn kynbundnu ofbeldi, nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Mannréttindaskrifstofunnar: <http://www.humanrights.is/verkefni/atak-gegn-kb-ofbeldi/>

## **AÐGERÐAÁÆTLUN GEGN KYNBUNDNU OFBELDI**

Í nóvember 2004 stóðu 16 félagasamtök og stofnanir fyrir 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi. Átakinu lauk með afhendingu áskorunar til yfirvalda um að setja fram heildstæða aðgerðaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi á Íslandi er hefði réttlæti, forvarnir, stuðning og vernd til handa fórnarlömbum að leiðarljósi.

Í kjölfar átaksins var settur á fót aðgerðahópur gegn kynbundnu ofbeldi á Íslandi með það að markmiði að stuðla að upplýstri umræðu um málefnið og vera stjórnvöldum til stuðnings og leiðbeiningar við gerð aðgerðaáætlunar er tæki til löggjafar, dómstóla, saksóknara og löggæslu, félagslegra úrræða, fræðslu til almennings og fagaðila; ásamt sértækum aðgerðum innan mennta-, heilbrigðis- og félagslega kerfisins.

Hópurinn hefur tekið saman meðfylgjandi drög að aðgerðaáætlun og komið henni á framfæri við dómsmálaráðuneytið, félagsmálaráðuneytið, menntamálaráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið.

Aðgerðarhópurinn leggur ríka áherslu á heildarendurskoðun löggjafar um kynbundið ofbeldi en undir hana flokkast fyrningarákvæði kynferðisbrota á börnum.

Hópurinn fagnar yfirlýsingum um að vinna við aðgerðaráætlun sé hafin í dómsmálaráðuneytinu. Er það skýr ósk að unnið verði að áætlunum ráðuneyta á sumarmánuðum svo leggja megi fram markvissa áætlun á haustþingi.

Í lok maí verður boðað til fundar með fulltrúum stjórnvalda og félagasamtaka til að ræða þær tillögur sem hér eru settar fram.

F.h. aðgerðarhóps:

**Jóhanna K. Eyjólfsdóttir, framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International**  
**Guðrún D. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands**  
**Drífa Snædal, fræðslu-og framkvæmdastýra Samtaka um kvennaathvarf**  
**Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta**  
**Birna Þórarinsdóttir, framkvæmdastýra UNIFEM á Íslandi**

Hafnarstræti 20, 2. hæð - 101 Reykjavík - Iceland  
Símar/Phone + 354 552 27 20 - Fax + 354 552 27 21  
Netfang/ E-mail: [icehr@humanrights.is](mailto:icehr@humanrights.is)





MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
THE ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTER

## EFTIRFARANDI VERÐI HAFT TIL HLIÐSJÓNAR VIÐ GERÐ AÐGERÐAÁÆTLUNAR GEGN KYNBUNDU OFBELDI

### I. NEYÐARMÓTTAKA

*Þjónusta Neyðarmóttöku vegna nauðgunar verði styrkt til að gera henni kleift að veita fórnarlömbum annars kynbundins ofbeldis aðstoð.*

Þegar Neyðarmóttaka vegna nauðgunar var stofnuð fyrir um ellefu árum var það mikil réttarbót fyrir fórnarlömb nauðgana. Móttakan veitir þolendum þverfaglega aðstoð lækna, hjúkrunarfræðinga, félagsráðgjafa og sálfræðinga. Fórnarlömb eiga jafnframt kost á að njóta aðstoðar löglærðs talsmanns sem starfar á vegum Neyðarmóttökunnar. Ef til kæru kemur fylgir talsmaður brotþola í gegnum kæruférlíð, leiðbeinir honum um gerð bótakröfu og fylgir bótakröfu eftir fyrir dómi ef þess er talin þörf. Sérþekking á þörfum fórnarlamba kynbundins ofbeldis hefur myndast hjá starfsfólki móttökunnar og er því skorað á stjórnvöld að veita auknum fjármunum til starfseminnar með það að markmiði að gera móttökunni kleift að veita einnig fórnarlömbum annars kynbundins ofbeldis, svo sem heimilisofbeldis og mansals, þjónustu.

Sú skerðing á starfsemi Neyðarmóttökunnar sem átti sér stað árið 2004 var ekki í neinu samræmi við þá þekkingu sem fyrir liggur. Nauðgun er svo alvarlegt áfall að samkvæmt rannsóknum þjást 80% af þeim sem leita til Neyðarmóttökunnar af áfallaröskun. Það var því óverjandi að taka félagsráðgjafa út úr því teymi sem mætir konum í bráðþörf.

Við leggjum líka til að staða yfirlæknis Neyðarmóttökunnar verði sett á laggirnar aftur í samræmi við mikilvægi móttökunnar.

### **II. HEILBRIGÐISKERFI**

*Kynningarátak sem beint er að heilbrigðisstéttum og almenningi þar sem hnykkt er á að kynbundið ofbeldi sé alvarlegt heilbrigðisvandamál.*

Fræðsla um forvarnir, greiningu, skráningu, meðferð og úrræði fórnarlamba kynbundins ofbeldis verði hluti af námsefni allra heilbrigðisstétta.

*Setning vinnureglna fyrir heilbrigðisstofnanir og skráning tilvika stöðluð.*

Skráning tilvika, þar sem grunur leikur á að kynbundið ofbeldi hafi átt sér stað, verði stöðluð og heildstæðar vinnureglur settar um meðferð og tilvísanir.

### **III. RÉTTARKERFIÐ**

*Fræðsla fyrir allt starfsfólk dómstóla, saksóknara og löggæslu um kynbundið ofbeldi.*

Nauðsynlegt er að fræða dómara, lögmenn, saksóknara, starfsfólk dómstóla og lögreglu um eðli og umfang kynbundins ofbeldis og birtingarmyndir þess í þeim tilgangi að þessir hópar geti betur verndað fórnarlömb ofbeldis og aðstoðað þau við að ná fram rétti sínum. Fólki sé ljóst að ofbeldi gegn körlum og konum er oft ólíkt þar sem karlar verða fyrst og fremst fyrir ofbeldi af hálfu annarra karla og þá utan heimilis, gjarnan á almannafæri. Konur verða hins vegar fyrst og fremst fyrir ofbeldi af hálfu karla og ofbeldinu er haldið leyndu. Allur



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
THE ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTER

aðdragandi og allt ferli ofbeldis á heimili er annars eðlis en ofbeldi á almannafæri, það er oft siendurtekið og fórnarlambið háð ofbeldismanninum á einn eða annan hátt. Fræðsla um forvarnir, greiningu, skráningu, meðferð og úrræði fórnarlamba kynbundins ofbeldis verði hluti af námsefni allra stétta er koma þar að. Mikilvægt er einnig að þeim sem vinna að málum er varða kynbundið ofbeldi sé ljóst hversu erfitt það er fyrir fórnarlömbin að kæra og ganga í gegnum málaferli.

*Unnið verði að heildarendurskoðun lögjafar, m.a. hegningarlaga og laga um meðferð opinberra mála þar sem tekið verði á kynbundnu ofbeldi sérstaklega.*

Fylgt verði fordæmi Svíþjóðar og sett verði ákvæði í almenn hegningarlög er taki tillit til sérstaks eðlis kynbundins ofbeldis. Þann 1. júlí 1998 var nýju ákvæði bætt í sænsku hegningarlögin sem tekur til grófra brota gegn öryggi kvenna sem framin eru endurtekið af körlum gegn konum sem þeir eiga í nánu sambandi við. Skyld ákvæði tekur til grófra brota gegn börnum eða öðrum nánum aðstandendum. Ákvæðið hefur það í för með sér að fremji maður ákveðinn refsiverðan verknað (svo sem líkamsárás, ólögættar hótanir eða þvinganir, kynferðislegt ofbeldi eða misnotkun) gegn konu sem hann er eða hefur verið giftur eða búíð með, með þeim afleiðingum að sjálfsmynd konunnar skaddast alvarlega, geta dómstólar dæmt hann fyrir gróft brot gegn friðhelgi konunnar auk refsingar fyrir hvert einstakt brot, s.s. líkamsárás. Lögjögfin veitir þannig dómstólum svigrúm til að taka mið af aðstöðu fórnarlamba kynbundins ofbeldis og þyngra refsingu ofbeldismannsins með tilliti til alvarleika brotanna og hversu oft þau áttu sér stað. Dæma má ofbeldismenn til að lágmarki sex mánaða fangelsisvistar en til sex ára refsingar hið mesta. Einnig skal tekið til athugunar að dæma ofbeldismenn til meðferðar eða virða meðferð til refsilækkunar.

Kynferðisbrotakafli hegningarlaga verði tekinn til heildarendurskoðunar. Nauðsynlegt er að taka til athugunar kynferðisbrotakafli hegningarlaganna þar sem verknaðarlýsingar og refsimörk miðast fyrst og fremst við ofbeldismann en ekki upplifun brotþola. Þá skulu kynferðisbrot gegn börnum ekki fyrnast. Nauðsynlegt er að hafa samráð við þá aðila sem hafa reynslu af vinnu með þolendum kynferðisofbeldis við endurskoðun þessara laga sem annarra. Tekið verði til endurskoðunar að hækka kynferðislegan lögaldur til samræmis við Norðurlöndin þar sem hann er ýmist 15 eða 16 ár.

Ábyrgð af vændi, sem er eitt birtingarform kynbundins ofbeldis, verði flutt frá konum sem selja aðgang að líkama sínum yfir á kaupendur og milligöngumenn. Allmikil umræða hefur verið á alþjóðavettvangi undanfárin ár um kosti og galla þess að gera kaup á vændi refsiverð og flytja þannig ábyrgð af verknaðinum frá konum í vændi yfir á kaupendur. Í ljós hefur komið að hugmyndir fólks um vændi hafa ekki átt sér stoð í raunveruleikanum. Sjaldnast er um frjálst val einstaklings, sem stundar vændi, að ræða heldur er að jafnaði um hreina neyð að ræða eða þvingun. Því hafa Svíar gengið fram fyrir skjöldu og gert kaup á vændi refsiverð og umræða er um hið sama í fleiri löndum. Nauðsynlegt er að létta nú þegar refsíábyrgð af vændiskonum, sem oftast en ekki eru þolendur kynbundins ofbeldis.

Mál vegna kynbundins ofbeldis sæti opinberri ákæru. Með tilliti til sérstaks eðlis kynbundins ofbeldis, er nauðsynlegt að það sæti skilyrðislaust opinberri ákæru. Það á ekki að vera undir vilja konunnar komið hvort kært er eður ei en kynbundið ofbeldi, sérstaklega heimilisofbeldi er ekki aðeins brot gegn konunni einni, heldur samfélaginu í heild sinni. Sérstaklega þegar börn eru á heimilinu er það fráleitt að það sé undir konunni komið hvort hið opinbera hefst handa og saksækir viðkomandi ofbeldismann.

*Setning heildstæðra vinnureglna fyrir lögreglu og skráning tilvika stöðluð.*



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
THE ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTER

Viðbrögð lögreglu styðjist við staðlaðar rannsóknaraðferðir og vinnuferli þegar unnið er að málum er varða kynbundið ofbeldi. Skráning tilvika verði sömuleiðis stöðluð og unnar séu nákvæmar atvikaskýrslur sem fórnarlömb hafi aðgang að og geti nýtt sér í tengslum við nálgunarbann, tryggingar og skaðabótamál.

*“Austurríska leiðin”.*

Ákvæði verði sett í lög sem heimilar lögreglu brottflutning ofbeldismanns af heimili í tiltekinn tíma eftir að hann beitir ofbeldi. Lögreglu verði gert heimilt að setja á brottvísun og heimsóknabann í slíkum tilvikum sem taki gildi strax og það lagt fyrir dómara innan ákveðins frests. Þá er ítrekað að samhliða slíkum aðgerðum verða jafnframt að koma skilvirk félagsleg úrræði. Má í þessu sambandi horfa til Austurríkis þar sem sett hafa verið lög af þessu tagi.

*Nálgunar- og heimsóknabann gert virkt.*

Dómstólar og lögregla fá fræðslu og staðlaðar vinnureglur til að lög um nálgunar- og heimsóknabann nái tilgangi sínum. Fórnarlömbum verði heimilt að óska sjálf eftir nálgunarbanni hjá dómstólum. Mikilvægt er einnig að gera nálgunarbannið virkara sem tæki gegn kynbundnu ofbeldi.

*Markvisst verði unnið að fjölgun kvenna í starfsstéttum sem vinna við meðferð ofbeldismála.*

Yfirvöld vinni markvisst að því að fjölga konum í lögreglunni, hjá ákærvaldinu og dómstólum.

*Hið opinbera stuðli að samvinnu réttarkerfis, fagaðila og málsvara fórnarlamba til að koma í veg fyrir kynbundið ofbeldi.*

Aðgerðir lögreglu, saksóknara, dómara, málsvara, athvarfa og félagsamtaka verði samstilltar með formlegu samstarfi.

*Stjórnvöld vinni gegn mansali og styðji fórnarlömb þess.*

Stjórnvöld fullgildi samning Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir til að sporna við skipulagðri, fjölþjóðlegri glæpastarfsemi, ásamt viðaukum sem undirritaður var 13. desember 2000. Þá er mikilvægt að sett verði í lög ákvæði er miða að aukinni vernd til handa fórnarlömbum mansals sem koma hingað til lands.

Tryggja þarf með lögum bæði vitna- og fórnarlambavernd. Fórnarlömb mansals eiga skilyrðislausan rétt á þjónustu sjálfskipaðs löglærðs talsmanns og tryggja þarf rétt til miskabóta. Fórnarlambaverndin skal ganga lengra en vitnaverndin

*Lög gegn klámi verði virt, s.s. ákvæði í almennum hegningarlögum, útlagslögum, lögum um pósthjónustu, samkeppnislögum og lögum um prentrétt.*

Sýnt hefur verið fram á tengsl kynbundins ofbeldis inni á heimilum við vændi og klám og því þarf að vinna gegn klámi hvers konar, enda endurspeglar það hlutgervingu kvenna og grefur undan gagnkvæmri virðingu kynjanna.

*Sett verði lög sem banna limlestingar á kynfærum kvenna.*

*Breytingar verði gerðar á útlendingalögum og lögum um atvinnuréttindi útlendinga í þá átt að veita konum af erlendu bergi brotnu sérstakt búsetuleyfi og félagsaðstoð við skilnað ef þær hafa þurft að þola ofbeldi af hendi íslensks maka.*

Þekkt eru mörg dæmi þess að erlendar konur er fengið hafa dvalarleyfi á grundvelli hjúskapar við íslenskan ríkisborgara hafi sætt ofbeldi í hjónabandi. Er til skilnaðar kemur eru þeim allar



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
THE ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTER

Þjargir bannaðar en margar hafa ekki að neinu að hverfa í heimalandi sínu. Eðlilegt er að veita konum sem svo er ástatt um félagslega aðstoð og dvalarleyfi, og síðar búsetuleyfi.

#### *IV. FÉLAGSLEG AÐSTOÐ OG ÚRRÆÐI*

*Bæjar- og sveitarfélög geri aðgerðaráætlanir gegn kynbundnu ofbeldi.*

Ef árangur á að nást í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi er það lykilatriði að bæjar- og sveitarfélög axli ábyrgð og geri framkvæmdaáætlanir. Í áætlunum skal kveðið á um forvarnir, fræðslu og þjálfun bæjarstarfsmanna ásamt þjónustu við fórnarlömb ofbeldis. Í þeim þarf einnig að gera ráð fyrir nægjanlegu fjármagni og skýrum vinnureglum.

*Fórnarlömbum kynbundins ofbeldis verði gefinn kostur á fjárhagslegum stuðningi.*

Fórnarlömbum verði gefinn kostur á fjárhaglegum stuðningi meðan þau eru að koma undir sig fótunum á ný eftir að hafa verið í ofbeldissambandi.

*Meðferðarúrræði fyrir ofbeldismenn verði styrkt.*

Til að koma í veg fyrir ofbeldi karla gegn konum er mikilvægt að meðferðarúrræði fyrir ofbeldismenn verði styrkt. Nauðsynlegt er að veitt verði fjármunum til verkefnisins *Karlar til ábyrgðar* og það endurvakið sem fyrst. Verkefnið gaf góða raun á sínum tíma en fjárskortur hamlaði starfsemi. Til að mögulegt sé að dæma ofbeldismenn til meðferðar eða virða þeim það til refsilækkunar verður úrræðið að vera virkt.

*Konum skulu kynnt réttindi sín og úrræði.*

Sérstaklega skal beina sjónum að fræðslu til kvenna sem eru í áhættuhóp, svo sem erlendra kvenna sem hingað flytja með mökum sínum, til að hefja sambúð með íslenskum ríkisborgara eða ganga í hjónaband. Þær eiga erfiðara með að nálgast upplýsingar um úrræði sem í boði eru, en styrkja þarf fræðslu meðal erlendra kvenna um hvað telst ofbeldi hér á landi, með sérstakri áherslu á andlegt ofbeldi.

#### *V. MENNTUN, FRÆÐSLA OG RANNSÓKNIR*

*Kynningarátak með þátttöku fjölmiðla, fagaðila, almennings og kennara.*

Yfirvöld standi fyrir kynningarátaki með þátttöku fjölmiðla, almennings og kennara þar sem áhersla er lögð á upplýsingar um úrræði svo fórnarlömb viti hvert þau geti leitað hjálpar. Samhliða upplýsingum um aðstoð skal fyrirbyggjandi skilaboðum komið á framfæri þar sem stuðlað er að félagslegri fordæmingu á kynbundnu ofbeldi og unnið gegn hefðbundnum kynhlutverkum og staðalmyndum er ýta undir ofbeldi gegn konum.

Fræðsla um kynbundið ofbeldi og áhrif þess verði hluti af námsefni allra skólastiga. Jafnrétti verði í heiðri haft á öllum skólastigum og gagnkvæm virðing kynjanna styrkt markvisst.

Nauðsynlegt er að allar þær menntastofnanir sem mennta fagfólk sem kemur að kynbundnu ofbeldi tryggji fullnægjandi menntun fagstéttanna á þessu sviði. Jafnframt þurfa þær samfélagsstofnanir sem koma að ofbeldismálum að hafa skýrar starfsreglur um hvernig brugðist skuli við þegar ofbeldismál koma upp. Kveða þarf á um hver komi að málum, hvert skuli leitað og hvaða ferli fari í gang.

*Stjórnvöld stuðli að rannsóknum á eðli og orsökum kynbundins ofbeldis á Íslandi.*



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
THE ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTER

Nauðsynlegur liður í því að vinna gegn kynbundnu ofbeldi er að gerðar séu rannsóknir á eðli, umfangi og orsökum heimilisofbeldis. Slík þekking er nauðsynleg forsenda þess að unnt sé að bregðast á viðeigandi hátt við vandanum.

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 132/1453*  
*komudagur 24.3.2006*



MOSFELLSBÆR

Alþingi  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Mosfellsbæ, 22. mars 2006  
nr. erindis 200602207 bms

Efni: Frumvarp um meðferð opinberra mála

Erindi Alþingis, ósk um umsögn á frumvarpi tii laga um meðferð opinberra mála. -  
200602207

Fjölskyldunefnd lýsir yfir ánægju sinni með þær tillögur að breytingum á lögum um meðferð  
opinberra mála og hegningarlaga sem fram koma í frumvarpinu og leggur til að frumvarpið  
verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

Margrét Hjaltasted  
Yfirmaður fjölskyldudeildar

## Refsiréttarnefnd

---

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 132/1493*  
*komudagur 28.3.2006*

Reykjavík, 28. mars 2006.


Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis þar sem óskað er eftir að refsiréttarnefnd veiti umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum (brottvísun og heimsóknarbann), þskj. 53 - 53. mál.

Beðist er velvirðingar á því hve svarbréf þetta berst seint en umsagnarbeiðnin barst formanni refsiréttarnefndar nýlega í hendur þar sem hún hafði mislagst í dómsmálaráðuneyti.

Refsiréttarnefnd telur að ekki sé tilefni til að nefndin veiti umsögn um ofangreint frumvarp.

f.h. refsiréttarnefndar,



Róbert R. Spanó formaður



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Alþingi  
Erindi nr. P 132/1215  
komudagur 9.3.2006

Reykjavík 8. mars 2006

Tilvísun: 2006020223

50.03

Alþingi  
Nefndasvið  
Kirkjustræti  
150 REYKJAVÍK

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum, 53. mál, brottvísun og heimsóknarbann**

Vísað er til bréfs allherjarnefndar frá 23. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar ríkislögreglustjórans um ofangreint frumvarp.


Í athugasemdum með frumvarpinu er m.a. gerð grein fyrir því að frumvarpið taki mið af norskum lögum um sama efni og að Svíar hafi einnig tekið upp sambærileg lög. Ekki er gerð grein fyrir reynslu þessara þjóða af lagasetningunni og hefði það verið gagnlegt þó að vissulega sé lýst jákvæðri reynslu Austurríkismanna sem lögfesti slík úrræði árið 1997.

Leiddar eru líkur að því í athugasemdunum að ef frumvarpið verði að lögum þá verði upplýst um fleiri heimilisofbeldismál en nú er og auðveldara verði að grípa inn í þau á fyrstu stigum. Varðandi fyrra atriðið þá liggur slík niðurstaða ekki í augum upp og ber að hafa í huga að eitthvert tilefni leiðir til þess að lögregla hefur afskipti af einstaklingum á heimili þeirra. Síðan tekur við ferli þar sem atvik og aðstæður eru til rannsóknar og þó frumvarpið geri ráð fyrir nýju úrræði við þessar aðstæður þá breytir það ekki upphafi málanna. Engar upplýsingar um reynslu framangreindra þriggja þjóða varðandi þetta atriði er að finna í athugasemdunum. Varðandi seinna atriðið þá skiptir verulegu máli hvaða meðferðarúrræði standa gerendum og þolendum til boða hér á landi. Um mikilvægi þessa er sérstaklega fjallað í athugasemdunum og tekur ríkislögreglustjórinn undir þau sjónarmið.

Þá er rétt að nefna að þó það sé utanaðkomandi aðili, þ.e. lögregla, sem taki ákvörðun um brottvísun og heimsóknarbann þá er ljóst að upplýsingar og afstaða brotþola, sérstaklega ef um fullorðinn einstakling er að ræða, hlýtur að skipta verulegu máli við ákvörðunartökuna ekki síst með tilliti til 4. gr. frumvarpsins. Auk þess ræðst framhald málsins af afstöðu brotþola sbr. 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins.

Ef frumvarpið verður að lögum er ljóst að verið er að fela lögreglunni mjög vandasetmt verk. Vænta má umsagnar lögreglustjórans í Reykjavík um frumvarpið og kann sú umsögn að hafa mikið vægi vegna reynslu embættisins af málum er varða nálgunarbann.

F.h. RLS

  
Steinar Adolfsson  
lögl. fulltr.



RÍKISSAKSÓKNARI


*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 132/1308*  
*komudagur 13.3.2006*

BN/

Reykjavík 10. mars 2006.

Borist hefur til umsagnar frá allsherjarnefnd Alþingis frumvarp til laga um breyting á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum, 53. mál, brottvísun og heimsóknarbann.

Frumvarp þetta er í meginatriðum hið sama og flutt var á 130. löggjafarþingi, þá 10. mál. Umsögn ríkissaksóknara um það frumvarp er dagsett 25. nóvember 2003. Fylgir afrit af þeirri umsögn hér með sem umsögn um 53. mál.



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

# RÍKISSAKSÓKNARI

BN/jhb

Reykjavík 25. nóvember 2003.

B.12221/2003.

Borist hefur til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum, 10. mál, um brottvísun og heimsóknarbann.

Markmið frumvarpsins er göfugt en ríkissaksóknari álitur að huga þurfi miklu betur að efnisatriðum aðallagagreinar frumvarpsins, skilyrðum brottvísunar af heimili, málsmeðferðarreglum o.fl. og mælir gegn því að frumvarpið verði samþykkt eins og það liggur fyrir. Telur ríkissaksóknari mikilvægt að ákvæðum um brottvísun af eigin heimili, heimsóknar- og nálgunarbanni, þ.e. skilyrðum fyrir að beita úrræðunum, hver taki ákvörðun um að beita þeim og málskotsreglum, verði skipað með samræmdum hætti.

Athygli vekur að í greinargerð með frumvarpinu, kafla þar sem fjallað er „[a]lmennt um frumvarpið” segir að þetta frumvarp fjalli um vægari úrræði en nálgunarbann, sbr. lög nr. 94/2000. Ekki verður annað séð en að úrræði frumvarpsins gangi lengra en úrræði nálgunarbanns enda er hér gert ráð fyrir að unnt sé að víkja manni brott af heimili sínu þrátt fyrir grundvallarreglur um friðhelgi einkalífs.

Vikið verður nokkrum orðum að skilyrðum brottvísunar og málsmeðferðarreglum.

*Skilyrði brottvísunar af eigin heimili:*

Í greinargerð segir að frumvarpið taki mið af norskum og sænskum lögum en fyrirmynd þeirra sé frá Austurríki.

Í **Noregi** er það skilyrði brottvísunar af eigin heimili að **nærtæk (augljós) hætta** (nærleggjende fare) sé á að maður muni drýgja refsiverða háttsemi gegn öðrum manni (person), sbr. 3. mgr. 222a. gr. norsku refsiréttarfarslaganna.

Í **Svíþjóð** er skilyrði brottvísunar af eigin heimili nánast hið sama og í Noregi. **Hætta af manni þarf að vera nærtæk eða augljós** (påtáglig risk) og brot þess sem þola skal brottvísun af heimili sínu gegn sambýliskonu/manni geta verið ofbeldisbrot og brot gegn frelsi og friðhelgi. Frekari skilmálar eru í sænsku lögunum, sbr. 1a. gr. laga 1988:688 um besöksförbud með síðari breytingum, annars vegar um meðalhóf og hins vegar um að sá sem brottvísunin á að vernda skuldbindi sig til að leyfa gagnaðilanum að nálgast persónulegar eigur sínar.

Fyrirmyndin sem sögð er frá **Austurríki** virðist ekki geyma vægari skilyrði brottvísunar af eigin heimili en eftirmyndirnar, sbr. 38a. gr. í lögum um öryggislögregluna nr. 566/1991 með síðari breytingum.

*Málsmeðferð:*

Bæði í Noregi og Svíþjóð er það hlutverk **ákæranda** að taka ákvörðun um brottvísun, heimsóknar- og nálgunarbann í upphafi eða til bráðabirgða. Orðið heimsóknarbann, besöksforbud, er notað í lögum beggja landa um úrræðin öll og um þau fjallað í samhengi og í sömu lagaákvæðum.

Samkvæmt **norsku lögnum** ber ákærandanum að leggja málið fyrir dómstól eins fljótt og mögulegt er og í síðasta lagi 5 dögum eftir að hann tók ákvörðun sína. Dómstóll kveður síðan upp úrskurð í málinu. Ákvæðin um heimsóknarbann er í refsiréttarfarslögum eins og áður var sagt.

Samkvæmt **sænsku lögnum** getur sá sem þolir heimsóknarbann og einnig sá sem heimsóknarbannið á að vernda óskað þess að ákvörðun ákæranda í málinu verði lögð fyrir dómstól, sem þá tekur ákvörðun í málinu. Ef aðilar hins vegar sætta sig við ákvörðun ákæranda stendur hún þar til annað verður ákveðið. Ákvæðin um heimsóknarbann eru í sérlögum eins og áður var sagt.

Samkvæmt ákvæðum um **nálgunarbann** í lögum okkar um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 gerir lögregla kröfu um nálgunarbann fyrir dómi sem síðan tekur ákvörðun um hvort nálgunarbann verður lagt á. Í nefndaráliti allsherjarnefndar dags. 2. maí 2000 kemur fram að synjun lögreglu um að krefjast nálgunarbanns sé kæránleg til dómsmálaráðuneytis. Þar eð ákvæðum um nálgunarbann er skipað í lög um meðferð opinberra mála og þar meðal ákvæða um þvingunarúrræði við meðferð sakamála telur ríkissaksóknari að eðlilegt hefði verið að lögreglustjóri sem handhafi ákærvalds hefði það hlutverk að gera kröfu um nálgunarbann. Synjun lögreglustjóra um að krefjast nálgunarbanns hefði þá mátt kæra til ríkissaksóknara með sama hætti og aðrar ákvarðanir sem lögreglustjóri tekur á grundvelli laga um meðferð opinberra mála svo sem frávísun kæru, niðurfellingu máls o.s.frv. Með því að kæruleið í framangreindu efni liggur til dómsmálaráðuneytis, eins og áður segir, er nálgunarbannið ekki viðfangsefni ákærvalds og ákvæði um það eiga því heima í lögreglulögum en ekki lögum um meðferð opinberra mála þar sem fyrst og síðast er fjallað um viðfangsefni sem heyra undir ákærvald.

Sem fyrr segir telur ríkissaksóknari að úrræði sem felur í sér heimild til að víkja manni brott af eigin heimili gangi lengra en nálgunarbann. Samkvæmt gildandi lagaákvæðum hefur lögreglustjóri ekki heimild til að beita nálgunarbanni til bráðabirgða. Meðan lögum er þannig hagað kemur varla til greina að mati ríkissaksóknara að veita lögreglustjóra heimild til að vísa manni brott af eigin heimili til bráðabirgða.

Bogi Nilsson

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10



Alþingi  
Erindi nr. Þ 132/1307  
komudagur 13.3.2006

Reykjavík  
10. mars 2006

v/132. löggjafarþing  
v/Þskj. 53 – 53. mál

## Umsögn um frumvarp til laga frá Samtökum um kvennaathvarf

Um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum  
(brottvísun og heimsóknarbann).

Samtök um kvennaathvarf lýsa fullum stuðningi við frumvarpið og hvetja eindregið til að það verði samþykkt. Jafnframt er ítrekað að til að vinna gegn kynbundnu ofbeldi þarf að fara fram heildarendurskoðun á öllum þeim lögum er varða forvarnir, meðferð, afleiðingar og úrræði sem konum og ofbeldismönnum stendur til boða. Sömuleiðis þarf að styrkja félagsleg úrræði, menntun fagstétta og rannsóknir svo eitthvað sé nefnt. Nú er í gangi vinna við endurskoðun fjölda laga og vinnureglna sem snertir kynbundið ofbeldi en heildaryfirsýnina vantar og sérþekking er illa nýtt við þá vinnu. Samtök um kvennaathvarf hafa eindregið hvatt til þess að stofnuð sé nefnd sérfræðinga og stjórnámálanna til að vinna heildstætt að því að útrýma kynbundnu ofbeldi hér á landi, Kvennaathvarfið er að sjálfsgöðu tilbúið til að miðla reynslu og þekkingu við þá vinnu. Þær tillögur sem koma fram í fyrirbyggjandi frumvarpi eru klárlega hluti af þeim úrbótum sem gera þarf hér á landi. Tillögurnar fela í sér að ábyrgðinni á ofbeldinu er snúið þangað sem hún á heima, til ofbeldismanna, í stað þess að konur og börn þurfa endalaust að taka afleiðingum þess ofbeldis sem þau eru beitt.

Samtök um kvennaathvarf ásamt UNIFEM, höfðu veg og vanda að 16 daga átaki fjölda félagasamtaka gegn kynbundnu ofbeldi á síðasta ári og hluti átaksins var fundur með fulltrúum allra stjórnámálaflokka. Fundurinn var haldinn þann 9. desember síðastliðinn og komu þær tillögur sem hér liggja fyrir til umræðu. Fulltrúar allra stjórnámálaflokkanna lýstu yfir stuðningi við að þessi leið væri farin og því er ljóst að grundvöllur er fyrir samþykkt frumvarpsins á Alþingi.

Kynbundið ofbeldi er mannréttindabrot sem framið er gegn konum og börnum og þarf vart að tíunda hversu alvarlegt það er hér á landi sem annars staðar. Nægir að vísa í ársskýrslur Samtaka um kvennaathvarf, Stígamóta og Neyðarmóttöku vegna nauðgunar því til staðfestingar. Tillögurnar sem lagðar eru fram í þessu frumvarpi, austurríska leiðin, er í vaxandi mæli nýtt í löndum í Evrópu til að vinna gegn heimilisofbeldi. Fræðslu um árangur þessarar aðferðar má nálgast í grein Rosu Logar, “The Austrian model of intervention in cases of domestic violence”  
(<http://www.un.org/womenwatch/daw/egm/vaw-gp-2005/docs/experts/logar.dv.pdf>)

Samtök um kvennaathvarf

Sýslumannafélag Íslands.

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 132/1150**  
**komudagur 6.3.2006**


Akranes 3. 3. 2006.

Nefndarsvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Með bréfi dagsettu 23. febrúar sl. fór allsherjarnefnd Alþingis fram á umsögn Sýslumannafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 með síðari breytingum, mál nr. 53, brottvísun og heimsóknarbann.

Stjórn félagsins hefur fjallað um frumvarpið. Niðurstaðan varð sú að Sýslumannafélagi Íslands gerir ekki athugasemdir við ofangreint frumvarp til laga.

F. h. Sýslumannafélags Íslands,



Ólafur Þ. Hauksson.

**Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.**

**Efni: Beiðni um umsögn vegna frumvarps til laga um meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, 53. mál, brottvísun og heimsóknarbann.**

Útlendingastofnun barst bréf frá allsherjarnefnd Alþingis, dags. 23. febrúar sl., þar sem farið var þess á leit að stofnunin veitti umsögn vegna frumvarps til laga um meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög.

Útlendingastofnun gerir engar athugasemdir við ofangreint frumvarp.

Reykjavík, 06.03.2006  
F.h. Útlendingastofnunar

  
Ragnheiður Þ. Þórharsdóttir  
forstöðumaður leyfasviðs



Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið

Alþingi  
Allsherjarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P 132/1359  
komudagur 17.3.2006


Reykjavík, 13. mars 2006

**Efni: Umsögn vegna frv. til laga um meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, 53. mál, brottvísun og heimsóknarbann. .**

Vísað er til bréfs nefndarritara allsherjarnefndar, dags. 23. febrúar 2006, þar sem fram kemur beiðni til Barnaverndarnefndar Reykjavíkur um að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingu á meðferð opinberra mála og almenn hengingarlög, 53. mál brottvísun og heimsóknarbann.

Bent er á að ekki er í greinargerð fjallað um þær sérstöku ástæður sem fyrir hendi geta verið til að hægt sé að heimila framlengingu á brottvísun og heimsóknarbanni skv. 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við frumvarpið og lýsir yfir stuðningi við efni þess.

F.h. Barnaverndarnefndar Reykjavíkur

  
Guðmundur St. Ragnarsson, lögfr.

Afrit sent: Stjórnsýslu- og starfsmannsvið



Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. nóvember 2003

## Umsögn

Allsherjarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Barnaverndarnefndar Reykjavíkur um fyrirliggjandi frumvarp til laga um meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, mál nr. 10, brottvísun og heimsóknarbann.

Athugasemdir Barnaverndarnefndar eru eftirfarandi:

Breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991

1. Athugasemd er gerð við niðurlag 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Bent á að hvort ekki sé rétt að tiltaka sérstaklega barn sem þolanda ekki bara mann, þe. "...eða sýni framferði sem spillir mjög líkamlegu heilbrigði, andlegu heilbrigði, heilsu þess manns **eða barns** sem í hlut á."
2. Bent er á að ekki er í greinargerð fjallað um þær sérstöku ástæður sem fyrir hendi geta verið til að hægt sé að heimila framlengingu á brottvísun og heimsóknarbanni skv. 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins.

Breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940

1. 4. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir að brot gegn brottvísun og heimsóknarbanni samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála varði sektum. Hér skal bent á 97. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 sem kveður á um að það varði sektum **eða fangelsi allt að tveimur árum** sé brotið gegn lögum fyrirmælum skv. 37. gr. barnaverndarlaga sem fjallar um brottvikningu heimilismanns og nálgunarbann.

f.h. Barnaverndarnefndar Reykjavíkur

Sigríður María Jónsdóttir, lögfræðingur



**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 132/2051**  
**komudagur 2.5.2006**




Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. apríl 2006

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um meðferð opinberra mála, 53. mál**  
Öryrkjabandalagi Íslands hefur borist frumvarp til laga um meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, brottvísun og heimsóknarbann.

ÖBÍ styður frumvarpið eins og það hefur verið lagt fram og hvetur til samþykki þess.

Virðingarfyllt,  
f.h. ÖBÍ

  
Hafdis Gísladóttir  
framkvæmdastjóri